

## Proskamat 10 mánaða

Ef barnið getur ekki **eitt atriði** í viðkomandi þroskamati en engar aðrar áhyggjur eru til staðar, er yfirleitt nóg að gefa ráðleggingar og athuga nánar í næstu heimsókn nema annað sér tilgreint í leiðbeiningum í töflu. Ef barnið getur ekki **tvö atriði eða fleiri** þarf að huga vel að öðrum þáttum og vísa áfram til barnalæknis eða annarra sérfræðinga til nánari athugunar.

	Lýsing	Framkvæmd/lýsing	Úrlausn ef frávik
Gróf-hreyfingar	<b>Situr vel óstutt</b>	Látið barnið sitja á gólfi eða á skoðunarbekk. Fylgst er með hvort barnið haldi jafnvægi í sitjandi stöðu án þess að styðja sig með höndunum. Athugið hvort barnið getur teygst sig eftir leikfangi, fram, til hliðanna eða upp og handfjatlað það án þess að detta eða styðja sig við.	Tilvísun til sjúkráþjálfara og e.t.v. barnalæknis.
	<b>Togar sig upp í standandi stöðu</b>	Fylgst er með hvort barnið geti staðið sjálft upp af gólfi t.d. með því að styðja sig við húsgagn eða toga sig upp með því að grípa í foreldra sína, en án þess að því sé hjálpað.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (12 mán).
Fín-hreyfingar	<b>Tekur um skaft á skeið</b>	Barninu er rétt plasticskeið og athugað hvort það getur tekið um skaftið, haldið á skeiðinni sjálft og beitt henni líkt og það ætli að fara að borða með henni.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (12 mán).*
	<b>Þumal-fingursgrip</b>	Barnið situr í fangi foreldris. Smáhlutur t.d. lítill pappírshnoðri er lagður á borð fyrir framan það og athugað hvort barnið geti tekið hlutinn upp með þumalfingri á móti öðrum fingri/öðrum fingrum. Prófa þarf báðar hendur. Barnið á að vera jafnvígt á hendur á þessum aldri.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (12 mán).
Samskipti og leikur	<b>Leikur týndur fundinn</b>	Þegar tryggt er að athugandi hafi athygli barnsins felur hann andlit sitt með höndum eða öðru tiltæku (t.d. pappírsörk). Síðan skal afhjúpa andlitið með viðeigandi glaðlegum svipbrigðum, brosi eða hljóði (t.d. búú, hó eða hæ). Þetta er gert í nokkur skipti og fylgst með (t.d. í gegn um rifu milli fingra eða gat á blaði) hvort barnið sýnir ánægjuviðbrögð við leiknum, brosir eða hlær. Einnig hvort það sýnir viðbrögð um eftirvæntingu áður en andlit birtist aftur eftir að hafa verið falið.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (12 mán).*
	<b>Vinkar</b>	Fylgst er með hvort barnið svarar með því að lyfta hendi og vinka eða hreyfa finger (opna og loka lófa) þegar athugandi vinkar til barnsins og segir bless. Ágætt er að gera þetta í lok heimsóknar.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (12 mán).*

\* Ef barnið getur ekki aðra þætti við 12 mánaða skoðun, fylgja vel eftir. Aukaskoðun við 15 mán. aldur.

Framhald á næstu bls.

frh. þroskamat 10 mánaða

	Lýsing	Framkvæmd/lýsing	Úrlausn ef frávik
<i>Samskipti og leikur</i>	<b>Klappar</b>	Athugandi klappar saman höndum, t.d. þegar barninu hefur tekist vel upp með eitthvað, brosir til barnsins og segir „klappa“. Þetta má endurtaka nokkrum sinnum, en ekki skal snerta hendur eða handleggi barnsins til að stýra því.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (12 mán).*
<i>Vitsmuna- og málproski</i>	<b>Fjölbreytt babl</b>	Hlustað er eftir hvort barnið hefur fjölbreytta og blæbrigðaríka hljóðamyndun, þ.á.m. langar hljóðakeðjur með bæði sérhljóðum og samhljóðum. Babl heyrir sem hefur a.m.k. 4 atkvæði, t.d. da-da-da-da, ba-ba-ba-ba, ma-ma-ma-ma, eða flóknari samsetningar. Bablið getur líkst orðum og jafnvel haft ákveðna merkingu.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (12 mán).**
	<b>Skilur einstaka orð</b>	Hlustað er eftir hvort barnið bregst sérstaklega við ákveðnum orðum, t.d. datt, bíll, mamma, bolti. Ef þetta er ekki augljóst við skoðun má spyrja foreldri hvaða orð séu barninu sérstaklega kunnugleg. Prófa síðan að nota þau orð t.d.: „Hvar er boltinn, hvar er bangsinn?“ Gott er að hafa þessa hluti tiltæka svo athuga megi hvort barnið lítur á þessa hluti þegar spurt er um þá eða sýnir tilburði til að nálgast þá.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (12 mán).**
	<b>Slær saman tveim kubbum</b>	Teknir eru tveir trékubbar (u.þ.b. 2-3 sm á hlið) og þeim slegið saman 3 til 4 sinnum með jöfnum takti. Barninu eru síðan réttir kubbarnir, einn í hvora hönd. Athugandi tekur aðra tvo kubba, slær þeim saman og segir: „Getur þú gert þetta“ eða „gerðu svona“. Fylgst er með hvort barnið slær kubbunum a.m.k. einu sinni saman örugglega.	Ráðleggingar til foreldra. Skoða betur í næstu skoðun (12 mán).*

\* Ef barnið getur ekki aðra þætti við 12 mánaða skoðun, fylgja vel eftir. Aukaskoðun við 15 mán. aldur.

\*\* Ef barnið sýnir ekki færni við 12 mánaða aldur ber að vísa í nánari athugun, t.d. til barnalæknis, Proska-og hegðunarstöð HH, HTÍ eða annað þar sem viðeigandi þjónusta er að fá.